



## Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjori@myv.is](mailto:sveitarstjori@myv.is)

### Snjómoksturreglur á vegum í Skútustaðahreppi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi þann 13. janúar 2016 eftirfarandi reglur um snjómokstur í Skútustaðahreppi.

#### Vegagerðin sér um mokstur á eftirtöldum vegum:

Mokað er alla daga á:

- ✓ Þjóðvegur 1 (norðan vatns)
- ✓ Frá vegamótum Þjóðavegar 1 að Reykjahlíð (sunnan vatns)

#### Mokað er þrisvar í viku að jafnaði á eftirtöldum leiðum:

- ✓ Grímstaðaafleggjari að ristahlíði
- ✓ Baldursheimsvegur
- ✓ Gautlandaafleggjari
- ✓ Grænavatnsafleggjari

Snjómokstur í Reykjahlíð er í höndum Jóns Inga Hinrikssonar ehf. Ekki er um fasta snjómokstursdaga að ræða heldur er mokað eftir þörfum. Miðað er við að stofngötur séu orðnar færar kl 08:00. **Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að fella niður snjómokstur ef veður eða veðurútlit er með þeim hætti. Íbúar greiða sjálfir kostnað vegna hreinsunar á bílplönnum.**

#### Mokstur heimreiða

**Mokað er eftir þörfum. Sveitarfélagið greiðir fyrir mokstur á heimreiðum að hámarki þrisvar í viku að jafnaði.** Óski ábúendur eftir mokstri umfram það bera þeir sjálfir þann kostnað. Verktakar meta aðstæður og haga mokstri þannig að hagfelldast sé hverju sinni í samráði við ábúendur. Mokuð skal öll breidd vegar **heim að** bílastæðum og útihúsum. **Ábúendur greiða sjálfir kostnað vegna snjómoksturs á heimaplönnum, bæjarhlöðum og bílastæðum.**

Eftirtaldir aðilar stunda snjómokstur á heimreiðum í sveitarfélaginu:

##### Verktaki

Jón Ingi Hinriksson ehf.  
Þorlákur Páll Jónsson  
Félagsbúið Gautlöndum  
Sigurður Kristjánson/Sigurbjörn Ásmundsson  
Birgir Hauksson  
Einar Jónsson  
Eyþór Pétursson

##### Leiðir

Reykjahlíð-Vogar  
Geiteyjarströnd-Grænavatn-Kálfaströnd-Garður-Skútustaðir-Álftagerði  
Hofstaðir-Helluvað- Arnarvatn- Vagnbrekka- Gautlönd- Litlaströnd -plan Stangaraflegg  
Stangarafleggjari  
Grímstaðir-Neslönd-Vindbelgur  
Haganes  
Baldursheimsafleggjarar-Heiðarafleggjari

**Hálkuvarnir á þeim leiðum sem ekki eru í helmingamokstri eða á hendi vegagerðarinnar eru á verksviði sveitarfélagsins í samráði við verktaka. Tengiliður sveitarfélagsins vegna snjómoksturs og hálkuvarna er Lárus Björnsson í síma 8624163 eða á netfangið [larus@myv.is](mailto:larus@myv.is)**